



25. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 21. september 2021 á fjarfundi

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Gunnar Þór Gestsson (GPÖ), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Lárus B. Lárusson (LBL), Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðuðu: Gissur Jónsson (GJ) og Ástþór Jón Ragnheiðarson (ÁJR) fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ.

1. Fundur settur kl. 17:00.
2. Stefnumótun - lokavinna með stjórn og starfsfólki.
 - Hrönn Pétursdóttir fór yfir drög að stefnu UMFÍ. Stjórn samþykkir að leggja stefnuna fyrir sambandsþing.
 - Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi UMFÍ og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ sátu fundinn undir þessum lið.
3. Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra.
 - AIP gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfundum.
4. Erindi frá nefndum.
 - Tillögur frá heiðursráði.
 - Framkvæmdastjórn falið að hitta ráðið og fara yfir tillögurnar.
 - Framkvæmdastjórn jafnframt falið að yfirfara reglugerð um heiðursviðurkenningar fyrir næsta stjórnarfund.
 - Tillaga að breytingum á reglugerð um Fræðslu- og verkefnasjóð, frá stjórn sjóðsins. - stjórn samþykkir tillöguna með minniháttar orðalagsbreytingum.
 - Tillaga að breytingum á lögum UMFÍ frá laganefnd UMFÍ. - RH og AIP falið að ganga frá breytingunum í samræmi við umræður á fundinum.
5. 52. sambandsþing UMFÍ á Húsavík.
 - Farið yfir tillögur fyrir þing, þ.á.m. tillögur að laga- og reglugerðabreytingum.
 - RH falið að óska eftir innleggi frá ungmennaráði UMFÍ.
6. Fjármál.
 - GS lagði 8 mánaða uppgjör fram til kynningar.
 - GS lagði til að 7,5 milljónum króna verði varið í niðurgreiðslu langtímaskulda. Stjórn samþykkir tillöguna.
7. Reglugerð fyrir hvatningarverðlaun.
 - GS og LBL lögðu fram tillögu að nýrri reglugerð um Hvatningarverðlaun UMFÍ. Tillagan samþykkt efnislega. GS falið að klára frágang í samræmi við umræður á fundinum.

SÓJ ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 21:16.